



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands
Bakka 1 765 Djúpavogi

Múlaþing
Lyngás 12
700 Egilsstaðir

Djúpivogur, 6. desember 2023
MÍ202311-0061/ 6.09 / Þ.E.H.

Efni: Leikskólalóð við Skógarlönd, Múlaþing - óveruleg breyting á deiliskipulagi við Skógarlönd 5

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi sveitarfélagsins Múlaþings þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi *Leikskólalóð við Skógarlönd* sem samþykkt var árið 2005 (mál nr. 838/2023). Hægt var að hlaða niður skipulagsgögnum en þau eru dags. 26.10.2023.

Markmið breytingarinnar er að bregðast við húsnæðisvanda leikskólans og gerir hún ráð fyrir því að fjölga megi byggingum á lóðinni fyrir starfsemi hans við Skógarlönd 5. Nú stendur til að koma 72m² færanlegri skólastofu fyrir norðan við núverandi leikskólabyggingu. Breytingin er metin óveruleg þar sem hún vîkur ekki frá notkun, er á afmörkuðu svæði og er í samræmi við þá byggð sem er á svæðinu.

Lagðar eru fram breytingar á kaflanum Byggingarskilmálar í gildandi skipulagi. Þar verður nú greint frá því að innan byggingarreita sé heimilt að reisa byggingar fyrir starfsemi leikskóla á einni hæð en búið er að bæta við byggingarreit norðan við núverandi leikskóla.

Athugasemdir Minjastofnunar Íslands

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og 5. gr. reglna um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019 er óheimilt að veita leyfa til framkvæmda án undanfarandi skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja. Árið 1997 vann Safnastofnun Austurlands fornleifaskráningu fyrir Egilsstaði og birtust niðurstöður þeirrar skráningar í skýrslu; *Fornleifaská Egilsstaða*. Sú skráning uppfyllir ekki skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands s.s. þar sem fornleifar voru ekki uppmældar. Minjavörður kynnti sér svæðið og fyrirbyggjandi heimildir til að meta hvort kalla þyrfti eftir frekari skráningu eða mótvægisáðgerðum vegna menningarminja á svæðinu.

Leikskólinn við Skógarlönd var reistur 2005 í kjölfar samþykkt ofangreinds skipulags. Norðan við leikskólalóðina var Einbúatjörn en samkvæmt loftmyndum frá miðri síðustu öld voru skurðir grafnir í kringum hana. Svæðið umhverfis hana gengur undir nafninu Einbúablá. Tjörnin sjálf sem og svæðið dregur nafn sitt af aflöngum kletti sem stendur norðan við

**Puríður Elísa
Harðardóttir**

Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

hana. Engar fornleifar eru skráðar á svæðinu samkvæmt fyrirbyggjandi fornleifaskráningu né benda heimildir til þess. Svæðið er í dag raskað vegna uppbyggingar á svæðinu.

Minjastofnun Íslands telur ekki þörf á frekari skráningu menningarminja innan þess svæðis sem ofangreind breytingartillaga nær til sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Ekki eru þekktar menningarminjar innan þess svæðis.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við ofangreinda breytingu á gildandi deiliskipulagi Leikskólalóðar við Skógarlönd eins og hún hefur verið kynnt stofnuninni. Stofnunin vekur athygli á því að ef minjar koma í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdir án tafar og gera stofnuninni viðvart en það er í samræmi við 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllt,



Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulagsfulltrúi Múlabings (skipulagsfulltrui@mulathing.is)

Sóley Valdimarsdóttir (soley.valdimarsdottir@mulathing.is)

Mál nr. 0838/2023 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0838/2023, Skógarlönd 5, leikskólalóð (Kynning Breytinga)

Athugasemd: Umsögn Minjastofnunar Íslands, skilað í tölvupósti 7. desember 2023.

Höfundur: Sóley Valdimarsdóttir/soley.valdimarsdottir@mulathing.is

Sent inn þann: 07.12.2023 , **Fyrir hönd:** Minjastofnun Íslands

Mál nr. 0838/2023 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0838/2023, Skógarlönd 5, leikskólalóð (Kynning Breytinga)

Athugasemd: Umsögn um grenndarkynningu Undirrituðum hefur borist kynning á fyrirhugaðri breytingu deiluskipulags á lóð leikskólans við Skógarlönd. Undirrituð gera þá athugasemd að við fyrirhugaða framkvæmd verði reynt að hlífa trjágróðri á lóðarmörkum meðfram göngustíg og snýr að lóð við Hléskóga 8. Með kveðju Jóhann Hjalti Þorsteinsson Katrín Alfa Snorradóttir Hléskógum 8

Höfundur: Jóhann Hjalti Þorsteinsson/johann.hjalti@gmail.com

Sent inn þann: 13.11.2023

Mál nr. 0838/2023 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0838/2023, Skógarlönd 5, leikskólalóð (Kynning Breytinga)

Athugasemd: Engar athugasemdir frá RARIK varðandi tillögu að þessari minniháttar breytingu á deiliskipulagi.

Höfundur: Örvar Ármannsson/orvara@rarik.is

Sent inn þann: 29.11.2023 , **Fyrir hönd:** Rarik



Skógarlönd 5, leikskólalóð.

Mynd með athugasemd HEF við grenndarkynningu 0838/2023 - dags. nóv. 2023:

Umsögn

Fráveitulagnir HEF liggja um lóðina (2 stk. 315mm að þvermáli), rétt við, eða jafnvel undir vesturhorni nýs byggingarreits. Lagnirnar eru með sjálfrennsli, viðkvæmar fyrir mismunasigi.

Meta þarf möguleg áhrif á hæðarlegu lagnanna (sig) vegna nálægðar við byggingarreit.

Ef raunmæling á staðsetningu lagnanna og mat á áhrifum af gerð undirstaða (þmt. langtímaáhrif) leiðir af sér að lagnir muni mögulega raskast, er þess óskað að byggingarreit verði hnikað, svo ekki þurfi að ráðast í kostnaðarsamar aðgerðir við að færa lagnirnar.

Spurning hvort til álita kemur að setja kvaðir á lóðina vegna laganna í þessari atrennu?

Vegna: Máls nr. 0838/2023, Skógarlönd 5, leikskólalóð (Kynning Breytinga)

Athugasemd: Fráveitulagnir HEF liggja um lóðina (2 stk. 315mm að þvermáli), rétt við, eða jafnvel undir vesturhorni nýs byggingarreits. Lagnirnar eru með sjálfrennsli, viðkvæmar fyrir mismunasigi. Meta þarf möguleg áhrif á hæðarlegu lagnanna (sig) vegna nálægðar við byggingarreit. Ef raunmæling á staðsetningu lagnanna og mat á áhrifum af gerð undirstaða (þmt. langtímaáhrif) leiðir af sér að lagnir muni mögulega raskast, er þess óskað að byggingarreit verði hnikað, svo ekki þurfi að ráðast í kostnaðarsamar aðgerðir við að færa lagnirnar. Spurning hvort til álita kemur að setja kvaðir á lóðina vegna laganna í þessari atrennu?

Höfundur: Aðalsteinn Þórhallsson/ath@hef.is

Sent inn þann: 29.11.2023 , **Fyrir hönd:** HEF veitur